

Ár 1989, föstudaginn 12. maí, var í málinu nr. 3/1989 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Þann 3. apríl 1989 barst Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi kára frá Verkamannafélaginu Fram á Seyðisfirði í bréfi dags. 29. mars 1989:

„ Hjalagt fylgir afgreiðsla Borgarráðs Reykjavíkur á umsókn okkar um niðurfellingu fasteignaskatts af orlofsheimili félagsins að Eiríksgötu 31, Reykjavík.

Málavextir eru þeir að á miðju ári 1988 keypti orlofssjóður Verkamannafélagsins Fram íbúð að Eiríksgötu 31 og gerði hana upp til notkunar sem orlofshús félagsins og hóf rekstur hennar sem slíkrar laust fyrir síðustu áramót.

Íbúðin er leigð félagsmönnum eina viku í senn á hóflegu verði, eins og orlofsheimili, með rúmfötum og húsgögnum. Þann 24. janúar, eftir að okkur barst álagning fasteignagjalda, sendum við erindi, um niðurfellingu fasteignaskatts, til Gjaldheimtunnar, sem síðan var afgreitt í Borgarráði.

Þar var erindi okkar synjað þrátt fyrir ákvæði laga nr. 73/1980. Við förum hér með fram á við hæstvirta yfirfasteignamatsnefnd, að hún taki til afgreiðslu ósk okkar um að íbúðin að Eiríksgötu 31, verði viðurkennd orlofsheimili launþegasamtaka, á meðan Verkamannafélagið Fram, á hana og notar hana sem slíka. "

Ákvæði 5.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru undantekningarákvæði, sem skýra verður þröngt. Í greinargerðinni með frumvarpinu að lögum nr. 73/1980 er lögð sérstök áhersla á þetta atriði, þar sem 5. greinin er skýrð: Orlofsheimili eru sérstaklega sniðin að þörfum þeirra, sem eru í orlofi (sumarfríum og öðrum fríum) bæði hvað snertir staðsetningu (oft í tengslum við skóglendi eða annað aðlaðandi umhverfi), fyrirkomulag og búnað, svo sem félagsaðstöðu og aðstöðu til leikja utan húss fyrir börn og fullorðna. Launþegasamtök sem slík orlofsheimili eiga og reka, standa þannig jafnan straum af þeirri þjónustu sem orlofsheimili þeirra kalla á.


Venjuleg íbúð í sambýlishúsi í kaupstað samræmist ekki þeim hugmyndum, sem hugtakið orlofsheimili vekur. Sú skoðun styðst einnig við röksemdir flutningsmanns tillögunnar um að undanþiggja orlofsheimili fasteignaskatti.


Samkvæmt því, sem að ofan greinir verður kærán ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O Ð :

Skylt er að svara fasteignaskatti af ofangreindri íbúð að Eiríksgötu 31 í Reykjavík.


Pétur Stefánsson,


Guðmundur Magnússon,


Árni Stefánsson.